

Alþingi
b.t. Kristínar Einarasdóttur lögfræðings
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Mosfellsbæ, 19.03.2012
nr. erindis 201202039 jbh

Efni: Samgönguáætlun fyrir árin 2011-2022 , 393. mál

1. STEFNUMÓTUN

Mjög jákvætt er að leggja fjármuni í almenningssamgöngur og aðra vistvæna samgöngumáta eins og gert er ráð fyrir í samgönguáætlun fyrir árin 2011-2022. Það verður þó hins vegar að hafa í hyggju að veruleg aukning á hjóreiðum mun ekki verða merkjanleg fyrr en byggðir hafa verið fleiri og öruggari stigar fyrir hjóreiðamenn. Í nýlegri ferðavenjukönnun sem gerð var á höfuðborgarsvæðinu kemur í ljós að þó að hjóreiðar hafi á síðastliðnum 10 árum aukist sem samgöngumáti frá ríflega 0% upp 3% og þá hefur fjöldi bílferða einnig aukist um 5%. Er sú niðurstaða athygliverð í ljósi djúprar kreppa og hás heimsmarkaðsverðs á eldsneyti. Það er því óskynsamlegt að í samgönguáætlun skuli ekki vera gert ráð fyrir að undirbúa frekari uppbyggingu umferðarmannvirkja nú þegar að tækifæri gefst til. Það þarf því að skoða hvort verið sé að gera ráð fyrir of hröðum niðurskurði á endurbótum og lagfæringum á núverandi samgöngumannvirkjum.

Í nýrri samgönguáætlun er meðal annars litið til þess samkomulags sem gert var milli ríkis og SSH um eflingu almenningssamgangna og Strætó þar sérstaklega. Þó er sá galli á áætluninni að þetta er að miklu leyti gert í óskiptum liðum. Mörg verkefni ennþá óunnin á þessum vettvangi og þarf að hraða gerð undirganga svo mögulegt sé að þvera þjóðvegi með öruggum hætti á fleiri stöðum í Mosfellsbæ Þannig er æskilegt að bæta umferðaröryggi gangandi og hjólandi og ríðandi vegfarenda til með undirgöngum frá Völuteig yfir í Krikahverfi og undir Þingvallaveg við Hraðastaði/Laxnes. Þá er kallað eftir því að hannaður verði og framkvæmdur göngu- og hjóleiðastíg meðfram Vesturlandsvegi upp að Esju svo einhver dæmi séu nefnd.


2. GRUNNETIÐ

Eins og kunnugt er hefur það verið stefna samgönguyfirvalda að afhenda sveitarfélögum héraðsvegi á undanförunum árum og er í samgönguáætlun áfram gert ráð fyrir afhendingu vega yfir til sveitarfélaga. Það er mikið áhyggjuefni að ríkið skuli líta á það sem sjálfsagt mál að afhenda héraðsvegi án þess að nokkur fjárveiting til rekstrar og viðhalds umræddra vega komi til sveitarfélaga á móti. Þessu ítrekaða ofbeldi ríkisins í garð sveitarfélaga er því hér mótmælt.




Alvarlegast við frumvarp að samgönguáætlun er þó að gert er ráð fyrir því að skerða áfram fé til framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu næstu árin. Óviðunandi er að ekki skuli vera gert ráð fyrir nema smávægilegum fjármunum til samgöngubóta á höfuðborgarsvæðinu á næstu árum af þeim sérmerktu tekjum sem eru ætlaðir til þessa málaflokks.

Virðingarfyllt,



Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri



Jóhanna B. Hansen framkvæmdastjóri umhverfissviðs

